

Viðbrögð fræðsluþjónustu
Hafnarfjarðar við niðurstöðu úttektar
sem Attendus gerði fyrir mennta- og
menningarmálaráðuneytið á
leikskólanum Stekkjarási

Mars 2013

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Leikskólinn og umhverfi hans.....	2
Stjórnun og rekstur	3
Skólanámskrá leikskóla	4
Mannauður	4
Uppeldi, menntun og ummönnun	5
Skólabragur og samskipti	5
Leiðarljós, grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla	6
Innra mat.....	6
Mat og eftirlit sveitarfélagsins	7
Lokaorð	7

Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir athugasemdum sem Fræðsluráð Hafnarfjarðar gerir við úttekt, *Attendus- mannauður og ráðgjöf*, á starfsemi leikskólans Stekkjaráss í Hafnarfirði. Skýrslan er unnin fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið á grundvelli 20. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 en markmið úttektarinnar var að leggja mat á starfsemi leikskólans með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og aðalnámskrá. Ennfremur var lagt mat á stjórnun, skipulag og stefnu skólastarfsins og gerð grein fyrir því hvernig innra og ytra mat leikskólans ásamt eftirliti sveitarfélagsins nýtist honum.

Helstu athugasemdir sem fræðsluráð Hafnarfjarðar vill koma á framfæri við skýrslu, *Attendus- mannauður og ráðgjöf*, er að leiðrétta þann þunga sem fram kemur í orðum stjórnenda leikskólans og starfsmanna hans í garð bæjarfélagsins um afleiðingar hagræðingaraðgerða á uppeldis- og menntastarfið. Jafnframt fagnar ráðið þeim tillögum til úrbóta sem skýrsluhöfundar leggja til í skýrslunni. Þrátt fyrir að ráðið vilji leiðrétta þennan þunga er alls ekki gert lítið úr þeim erfiðleikum sem stjórnendur Stekkjaráss og aðrir stjórnendur í leikskólum Hafnarfjarðar hafa gengið í gegnum við stjórnun og rekstur leikskólanna á þessum þrengingartímabili sem þurfti að fara í gegnum.

Hér á næstu síðum eru gerðar fáeinar athugasemdir við mat úttektaraðila í ljósi þess að þeir virðast ekki hafa sannreynt nokkur sjónarmið sem fram koma í rýnihópsviðtölum og í viðtölum við stjórnendur er varðar stuðning sveitarfélagsins við uppeldi og menntun og rekstur skólans.

Leikskólinn og umhverfi hans

Í kafla 2. 6. *mat úttektaraðila leikskólanum og umhverfi hans* beina úttektaraðilar því til stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins a) að ræða helstu áhrif hagræðingaraðgerða í kjölfar efnahagshrunsins á starfsemi leikskólans og nefna að dregið hafi úr eftirvinnu- og samráðstíma, álag á starfsmenn hafi aukist og b) skortur á fjármagi til innkaupa hindri starfsemina.

a) *Samráðstími.* Þegar ákvarðanir voru teknar um fækkun eftirvinnutíma til samráðs starfsmanna var haft samband við leikskólastjóra bæjarins og þeir beðnir um tillögur til að halda inni samráðstíma samhliða því að fækka eftirvinnutímum. Niðurstaðan samtalsins við leikskólastjóra leiddi til þess að fækka samráðstímum í tvo á hvern starfsmann á mánaðargrundvelli auk þess að fjölga skipulagsdögum úr þremur í fimm. Með þessu fyrirkomulagi sáu leikskólastjórar fram á að geta verið með reglulega tveggja tíma markvissa starfsmannafundi á mánaðar fresti, annan í tengslum við skipulagsdag og hinn fundinn í eftirvinnu.

Tillaga fulltrúa sveitarfélagsins til úrbóta. Fulltrúum sveitarfélagsins er kunnugt um álag vegna manneklu og erfiðleika leikskólans til að halda samráðssamráðsfundi eins og deilda- og deildastjórafundi á dagvinnutíma. Því munu fulltrúar sveitarfélagsins leita leiða með stjórnendum til að koma á reglulegum samráðsfundum meðan leikskólinn vinnur að úrbótum með aðkomu alls starfsfólksins sem úttektaraðilar leggja til í skýrslunni.

b) *Álag vegna veikinda og manneklu.* Sveitarfélagið styðst við ákveðna verkferla þegar starfsmenn eru mikið frá vegna veikinda. Stjórnendum er gert að taka fjarverusamtöl og eða óska eftir því að starfsmenn fari í viðtal til trúnaðarlæknis. Mannekla í leikskólum veldur meira álagi á aðra

samstarfsmenn en í öðrum störfum þar sem leikskólabörn þurfa tafarlausa þjónustu, þjónusta sem getur ekki beðið eða er lögð til hliðar til næsta dags.

Fulltrúar sveitarfélagsins munu leggja til við leikskólastjóra að tekin verði fjarverusamtöl við starfsmenn sem eru óeðlilega mikið frá vinnu vegna veikinda eða vísa þeim til trúnaðarlæknis og það verði gert jöfnum höndum eftir því sem aðtæður leyfa.

- c) *Fjármagnsskortur sem hindrar starsemi leikskólans.* Við úthlutun fjármagns til reksturs leikskóla bæjarins er stuðst við ákveðin viðmið sem tekur til allra leikskólanna. Eins og áður hefur komið fram sammæltust stjórnendur sveitarfélagsins um að sýna ráðdeild við rekstur í kjölfar efnahagshrunsins. Leikskólastjóri Stekkjaráss nýtti ekki að fullu fjárheimildir til rekstur skólans sem hann fékk úthlutað og er það miður að ráðdeild hans hafi bitnað á skólasamfélaginu.

Fulltrúar sveitarfélagsins munu fylgjast reglulega með nýtingu fjárheimilda leikskólans og styðja og hvetja leikskólastjóra til að nýta sem best fjárheimildir sem leikskólinn fær til rekstursins.

Stjórnun og rekstur

Í kafla 3. 3. mat úttektaraðila á stjórnun og rekstri hvetja úttektaraðilar fulltrúa sveitarfélagsins til a) að efla endurgjöf, samskipti og samstarf stjórnenda og fulltrúa bæjarins og b) vinna gegn mikilli neikvæðni sem ríkir í garð bæjarfélagsins af hálfu stjórnenda, starfsmanna og foreldra.

- a) *Endurgjöf, samskipti og samstarf.* Leikskólastjóri harmar áhugleysi fulltrúa sveitarfélagsins á starfsemi leikskólans og nefnir m.a. máli sínu til stuðnings að hann hafi ekki verið boðaður á fund fræðsluráðs til að kynna starfsáætlun leikskólans (bls.14). Fulltrúar sveitarfélagsins telja ekki þörf á því að stjórnendur fylgi starfsáætlunum sínum eftir í fræðsluráði. Ef áætlanirnar eru ekki fullnægjandi eru gerðar athugasemdir við þær af starfsmönnum Skólaskrifstofu. Ef stjórnendur óska þess sérstaklega að kynna starfsáætlanir sínar og fá umræður um þær er vel tekið í þær óskir. Fulltrúum sveitarfélagsins er ekki kunnugt um að sérstakar beiðnir frá leikskólastjóra Stekkjarás hafi borist þar sem hann óskar eftir að mæta á fund fræðsluráð til að kynna starfsáætlun sína. Fræðsluyfirvöld hafna þeirri fullyrðingu leikskólastjóra að áhugi þeirra einskorðist við að leikskólar taki þátt í viðburðum bæjarins fremur en innra starfi. Einnig skal á það bent að ef áhugi er fyrir því meðal stjórnenda að fá fulltrúa bæjarins til samræðna um sértæk mál þá sé það auðsótt. Að öllu jöfnu líta fulltrúar sveitarfélagsins svo á 1) að starfsemi stofnana þurfi ekki sérstakrar úttektar ef stjórnendur standa sig gagnvart þeim skyldum sem þeir hafa ráðið sig til, 2) að stofnanir skila inn þeim lögboðnu gögnum sem sveitarfélagið kallar eftir á hverjum tíma, c) að foreldraráð yfirfari og samþykki áætlanir og önnur gögn sem þeim er falið, d) þeir sem njóta þjónustu leikskólans gera ekki athugasemdir við starfsemi leikskólans sem og e) niðurstöður viðhorfskannanna meðal foreldra staðfesta ánægju sína með uppeldis- og menntastarf stofnunar.

Fulltrúar sveitarfélagsins mun leggja til við leikskólastjóra að hann leggi fram sérstaka beiðni til fræðsluráðs þar sem hann óskar eftir að fá að kynna starfsemi leikskólans sérstaklega. Ennfremur að hann leggi fram óskir um hvaða þætti starfsins hann vilji hafa samráð um og eða fá frekari endurgjöf á fyrir lok þessa skólaárs.

- b) *Neikvæðni stjórnenda, starfsmanna og foreldrar í garð sveitarfélagsins.* Samkvæmt starfslýsingu leikskólastjóra er hann embættismaður sveitarfélagsins og starfar efir lögum og reglugerðum, öðrum lögum er við eiga og stefnu viðkomandi sveitarfélags. Samkvæmt því er hann tengiliður og

talsmaður sveitarfélagsins í leikskólanum og ber að vera talsmaður fyrir ákvörðunum sem sveitarfélagið samþykkir.

Sveitarfélagið mun leggja til við leikskólastjóra að hann jöfnum höndum auki jákvæða umræðu, meðal starfsmanna leikskólans um fulltrúa sveitarfélagsins til að draga úr neikvæðni í þeirra garð þar sem þeir þurfa að lúta ákvörðunum sveitarstjórnar sem og leikskólastjóri. Ennfremur verður lagt til við leikskólastjóra að hann útskýri stefnur og leiðir sveitarfélagsins með það að markmiði að auka jákvæða ímynd bæjarins. Það verði gert á skipulagsdegi í maí. Ef þess er óskað eru fulltrúar sveitarfélagsins meira en reiðubúnir til að mæta á fund með starfsmönnum til að aðstoða leikskólastjóra við að svara fyrir stefnu sveitarfélagsins.

Skólanámskrá leikskóla

Í kafla 4. 3. mat úttektaraðila á skólanámskrá hvetja úttektaraðilar fulltrúa sveitarfélagsins til að skoða samstarf leiks- og grunnskóla þar sem leikskólastjóri heldur því fram að samstarfið sé eingöngu á forsendum grunnskólans og áhersla Skólaskrifstofu sé að búa leikskólabörnin undir grunnskólann en ekki sé um eiginlegt samráð að ræða (bls. 19).

Samstarf leikskólans Stekkjaráss við nærliggjandi grunnskóla. Skólaskrifstofan leggur áherslu á að börn í leikskólum bæjarins fái nám við hæfi og þau séu undirbúin til þess að verða sjálfstæð, virk og ábyrgir þátttakendur í lýðræðisþjóðfélagi. Í ljósi þess leggur Skólaskrifstofan metnað í jöfnuð til náms til að tryggja að leikskólabörnin í Hafnarfirði búi við sambærilegan grunn menntunar þegar þau byrja í grunnskóla en það er liður í því að undirbúa börnin undir lífið eins og krafan í lögum um leikskóla kveður á um. Að jafnaði er gott samstarf milli leik- og grunnskóla í sveitarfélaginu og góðir samstarfsferlar sem hvert og eitt skólapar hefur mótað sér.

Tillaga sveitarfélagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins munu koma á fundi með samstarfsgrunnskóla Stekkjaráss með það að markmiði að þeir setji sér verkferla til farsæls samstarf á mörkum skólastiga á vormánuðum 2013.

Mannauður

Í kafla 5. 5. mat úttektaraðila á mannauði hvetja úttektaraðilar fulltrúa sveitarfélagsins og leikskólann til að a) leita leiða til að auka hlutfall leikskólakennara, b) rýna í ástæður mikillar starfsmannaveltu, c) rýni í ástæður mikilla veikinda, d) og hafa samráð um símenntun fyrir starfsmenn leikskólans.

a) Hlutfall leikskólakennara. Úttektaraðilar hvetja fulltrúa sveitarfélagsins og stjórnendur leikskólans til að leita leiða til að auka hlutfall leikskólakennara.

Tillaga sveitarfélagsins. Stjórnendur verðar kallaðir á samráðsfund til þess að yfirfara og leita leiða til að auka hlutfall leikskólakennara innan fjárheimilda leikskólans í apríl á þessu ári.

b) Starfsmannaveлта og umbótaáætlun. Úttektaraðilar hvetja til þess að rýnt verði í ástæður starfsmannaveltu. Sveitarfélagið mun standa fyrir starfsmannakönnun þar sem meðal annars verður leitað svara m.a. við starfsánægju, starfsaðstæðum og stjórnunarháttum. Þegar hún liggur fyrir verður unnin umbótaáætlun byggð á niðurstöðum og henni fylgt eftir á reglulegum fundum með stjórnendum næsta skólaár og mat lagt á íhlutun sveitarfélagsins. Stefnt er að framkvæma könnunina í apríl og í framhaldi unnin umbótaáætlun.

c) *Veikindi og umbótaáætlun.* Úttektaraðilar hvetja til þess að rýnt verði í ástæður mikilla veikinda. Eins og áður hefur komið fram var lagt til við alla leikskólastjóra á fundi með fulltrúa sveitarfélagsins að þeir taki fjarverusamtöl samkvæmt samþykktum ferlum sveitarfélagsins og vísi starfsmönnum til trúnaðarlæknis sveitarfélagsins þegar við á, til að greina og styðja við starfsmanninn sem leið til betri mætingu. Þetta ferli fór af stað um síðustu áramót.

d) *Áhrif starfsmanna á símenntun og úrbótaáætlun.* Úttektaraðilar leggja til að hlustað sé meira á raddir starfsmanna leikskólans varðandi símenntun og fullyrt a) að dregið hafi verið úr framboði á símenntun sveitarfélagsins, b) sömu námskeiðin séu í boði ár eftir ár og að fulltrúi sveitarfélagsins hlusti ekki á raddir þeirra um símenntun. Hér virðist vera misskilningur á ferð því leikskólinn fær fjármagn til að standa straum af starfsþróun starfsmanna sinna í ljósi uppeldis- og menntastefnu leikskólans. Þarfagreining um símenntun fer fram í árlegum starfsmannaviðtölum. Leikskólastjóri ber því ábyrgð á sí- og endurmenntun starfsmanna sinna sem getur farið fram til dæmis á starfsdögum. Hinsvegar býður Skólaskrifstofan upp á viðbótarfræðslu ýmist í samstarfi við sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu (Kraganámskeið) og eða sértæka fræðslu að ósk stjórnenda leikskóla. Fræðslufyrirlestrar Skólaskrifstofu eru fyrst og fremst hugsaðir til að kynna og vera kveikja fyrir áhugasamt fagfólk um strauma og stefnur í uppeldis- og rekstrarmálefnum hverju sinni. Engar kvaðir eru á starfsmönnum leikskóla að nýta sér þessa fræðslu. Á haust- og vorönn eru gefnir út námskeiðbæklingar sem eru aðgengilegir á heimasíðu Hafnarfjarðar. Þar kemur fram að ekki hefur dregið úr framboði á fræðsluerindum frekar að þeim hafi fjölgað. Á hverju hausti eru þó endurtekin námskeið í slysavörnum og kynning fyrir nýja starfsmenn um leikskólauppeldi, foreldrasamskipti og samskipti barna og starfsmanna leikskóla að ósk leikskólastjóra.

Tillaga sveitarfélagsins. Lagt verður til við leikskólastjóra að hann upplýsi starfsmenn sína um hlutverk leikskólans er varðar símenntun starfsmanna til starfsþróunar á starfsmannafundi í apríl. Einnig verður hann hvattur til að útskýra fyrir starfsmönnum sínum að fræðsluerindi sem Skólaskrifstofan býður upp á er tilboð um fræðslu sem starfsmenn þurfa ekki að sækja. Ennfremur ef áhugasamir starfsmenn hafa hug á að sækja sér fræðslu að stuðla að því að veita þeim tækifæri að sækja hana ef aðstæður í leikskólanaum leyfa.

Uppeldi, menntun og ummönnun

Í kafla 6. 9. mat úttektaraðila á uppeldi, menntun og umönnun hvetja úttektaraðilar fulltrúa sveitarfélagsins og leikskólann m.a. til að fara yfir efniviðinn sem boðið er upp á í leikskólanum og móti áætlun til að bæta hann.

Tillaga sveitarfélagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins munu hvetja leikskólastjóra til að þarfagreina hvaða efnivið þarf til að uppfylla lágmarksviðmið til að koma í veg fyrir að skortur á honum hindri uppeldis- og menntastarfið. Einnig munu fulltrúar sveitarfélagsins benda leikskólastjóra að nýta þær fjárheimildir sem skólinn fær úthlutað ár hvert áður en kvartað er undan skorti á þeim.

Skólabragur og samskipti

Í kafla 7. 5. mat úttektaraðila á skólabrag og samskipti árétta úttektaraðilar að kanna þurfi starfsanda og starfsánægju, mannekleu og veikindi, neikvæðni í garð sveitarfélagsins og beina þeim

tilmælum til fulltrúa sveitarfélagsins og stjórnenda í sameiningu að minnka álag og bæta viðhorf starfsmanna til sveitarfélagsins.

Tillaga sveitarfélagsins. Fulltrúar sveitarfélagsins munu hafa til hliðsjónar tillögurnar sem fram koma hér fram í mannauðskafla.

Leiðarljós, grunnþættir menntunar og námssvið leikskóla

Í kafla 8. 2. mat úttektaraðila á leiðarljósi, grunnþáttum menntunar og námssviði leikskólans er lag til a) aðgerðar- og tímaáætlunar vegna aðlögunar að nýrri aðalnámskrá b) að yfirfara tölvukost leikskólans og c) endurráðning starfsmanns í skapandi starfi.

a) *Aðgerðar- og tímaáætlun.* Nú þegar eru aðgerðaráætlanir í gangi vegna aðlögunar að nýrri aðalnámskrá. Skólaárið 2011-2012 hittust leikskólastjórar ásamt fulltrúa sveitarfélagsins og fóru sameiginlega yfir nýja aðalnámskrá með það að markmiði að fá sameiginlegan skilning á breytingum sem ný námskrá kveður á um. Tekin var sameiginleg ákvörðun um að byggja upp sameiginlegt efnisyfirlit og ritnefnd skipuð í þeim tilgangi. Einnig var ákveðið að nýta alla skipulagsdaga skólaárið 2012-2013 í sameiginlega fræðslu um grunnþætti menntunar en marmiðið með því var að gefa öllu starfsfólki tækifæri og forsendur til þess að máta grunnþættina við uppeldis- og menntasýn hvers leikskóla. Lagt var til við leikskólastjóra að þeir ynnu með starfsfólki sínu drög að köflum um grunnþættina í skólanámskrá en með því væri komið til móts við og tryggt að raddir allra starfsmanna fengi að hljóma. Drög að þessum köflum verður skilað til fulltrúa sveitarfélagsins í júní á þessu ári. Lokaskil á skólanámskrám verður í júní 2014. Í þessu samhengi var ákveðið að bæta við einum skipulagsdegi, til viðbótar þeim fimm sem áður voru samþykktir, og nýta hann til innleiðingar aðalnámskrár skólaárið 2012-2013 og nú liggur fyrir samþykkt fyrir að halda þessum auka degi inni vegna innleiðingarinnar skólaárið 2013-2014. Skólaskrifstofa hefur haldið sameiginlega fræðslu um grunnþætti menntunnar fyrir allt starfsfólk leikskóla Hafnarfjarðar með það að markmiði að allir starfsmenn hafi forsendur til að taka þátt í skólanámskrágerð og geti látið rödd sína hljóma í námskrágerðinni.

Tillögur sveitarfélagsins. Kallað verður eftir fyrstu drögum að skólanámskrá, samkvæmt áætlun, í júní á þessu ári og í júní 2014 eiga allir leikskólar að leggja fram í fræðsluráði nýja skólanámskrá samkvæmt nýjum lögum, reglugerðum, stefnu sveitarfélagsins og nýrri aðalnámskrá leikskóla frá 2011.

b) *Tölvukostur leikskólans.* Úttektaraðilar leggja áherslu á að yfirfara tölvukost leikskólans en það var eitt af markmiðum í starfsáætlun með fjárhagsáætlun bæjarins 2013. Nú þegar er unnið að greiningu á tölvukosti í stofnunum bæjarins.

Tillögur fulltrúa sveitarfélagsins. Þegar greining á tölvukosti liggur fyrir verður gerð aðgerðar- og fjárhagsáætlun fyrir skólann um endurnýjun tölvukosts.

c) *Endurráðning verkefnisstjóra í skapandi starf.* Leikskólinn hefur nú þegar fengið heimild til að ráða verkefnisstjóra í skapandi starf þar sem staðan rúmast innan fjárheimilda leikskólans.

Innra mat

Í kafla 9. 4. mat úttektaraðila á innra mati kemur fram að innra mat sé ekki að fullu í samræmi við lög um leikskóla frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 2009 né 2011. Samkvæmt leikskólastjóra er innra matið

ófullnægjandi vegna tímaskorts, manneklu og peningaskorts. Í ljósi þess hvetja úttektaraðilar stjórnendur og sveitarfélagið til að bæta þar úr.

Tillögur til úrbóta. Fulltrúar sveitarfélagsins munu gera starfsmannakönnun meðal starfsmanna leikskólans í apríl með ítarlegri spurningakönnun þar sem úttektaraðilar telja spurningarnar í spurningakönnuninni, sem leikskólin leggur fyrir starfsmennina, of fáar.

Mat og eftirlit sveitarfélagsins


Í kafla 12. 1. mat úttektaraðila á innra mati kemur fram að ytra mat sé ekki að fullu í samræmi við lög um leikskóla frá 2008 og aðalnámskrá leikskóla frá 2011 og lagt til að sveitarfélagið meti skólastarfið út frá a) aðstæðum og sérstöðu. Einnig er fullyrt) að viðhorfskannanir meðal foreldra, starfsmanna og barna hafi ekki farið fram reglulega og c) áréttað að koma á betra samstarfi og samvinnu milli stjórnenda og fulltrúa sveitarfélagsins svo sátt megi verða um skólastarfið.

- a) *Mat á skólastarfi út frá aðstæðum og sérstöðu og tillögur til úrbóta.* Í viðhorfskönnunum meðal foreldra hafa verið lagðar fyrir sértækar spurningar í ljósi uppeldisstefnu leikskólans að beiðni leikskólastjóra. Fulltrúar sveitarfélagsins munu leggja fyrir spurningakönnun meðal starfsmanna í apríl, þar sem áhersla verður á sértækar aðstæður í leikskólanum og verður könnunin unnin í samstarfi við stjórnendur leikskólans.
- b) *Reglulegar viðhorfskannanir.* Það er rétt að áréttað að viðhorfskannanir meðal foreldra hafa verið lagðar fyrir reglulega á tveggja ára fresti frá árinu 2003 sem starfsmenn Skólaskrifstofu hafa haft umsjón með. Einnig hafa verið lagðar fyrir reglulegar starfsmannakannanir frá árinu 2004, einnig á tveggja ára fresti. Af óviðráðanlegum ástæðum var ekki gerð könnun á síðasta ári en er nú nú nýlokið og verða niðurstöður kynntar á næstu dögum. Sveitarfélagið hefur til þessa ekki gert viðhorfskannanir meðal barna í leikskólum Hafnarfjarðar en mun skoða þann möguleika.
- c) *Samstarf fulltrúa fulltrúa sveitarfélagsins og stjórnenda leikskólans og tillögur að úrbótum.* Fulltrúar sveitarfélagsins mun óska eftir því að mæta á fund með starfsmönnum í apríl/ maí til að leiðrétta staðreyndarvillur sem fram koma í rýnihópsviðtölum og með því má ætla að samtal milli þessara aðila ætti að auka ímynd sveitarfélagsins og fulltrúa hans meðal starfsmanna leikskólans.

Lokaorð

Fræðsluráð vill koma fram þakklæti fyrir ábendingar sem úttektaraðilar beindu til fulltrúa sveitarfélagsins og stjórnendur leikskólans til að uppfylla kröfur um lög, reglugerðir, aðalnámskrá og stefnu sveitarfélagsins, allar með það að markmiðið að gera gott skólastarf betra. Fulltrúar sveitarfélagsins munu fylgja eftir ábendingum til úrbóta, sem beindust að leikskólanum, og fá stjórnendur leikskólans til að leggja fram tímasetta aðgerðaráætlun sem nýtt veður sem matstæki til að meta framgang áætlunar.

Hafnarfirði 15. mars 2013


F.h. fræðsluþjónustu Hafnarfjarðar
Magnús Baldursson, sviðsstjóri